



UMH22070059 Beiðni um undanþágu vegna starfsleyfis Skotfélags Reykjavíkur

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2022070163

Málalýklar: 25.13 Íþróttasvæði

Eigandi skjals: Guðjón Ingi Eggertsson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 19.07.2022

Dagsetning skjals: 19.07.2022

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Sigurbjörg Sæmundsdóttir"

<sigurbjorg.saemundsdottir@urn.is>

Notandi: "Sigurbjörg Sæmundsdóttir" <sigurbjorg.saemundsdottir@urn.is>

Dagsetning: 19.7.2022 14:38:22

Til: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>, "Heilbrigðiseftirlit" </o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=6dbc074253674c069036bed52d2ace40-mbxheilbrig>

Afrit til: agnes.thorkelsdottir@ust.is, "Sverrir Aðalsteinn Jónsson" <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>,

"Guðjón Ingi Eggertsson" <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>, "Árný Sigurðardóttir"

<arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Efni: UMH22070059 Beiðni um undanþágu vegna starfsleyfis Skotfélags Reykjavíkur

Meðfylgjandi erindi Skotfélags Reykjavíkur, dags. í dag, er hér með sent Umhverfisstofnun og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur til umsagnar. Í erindinu er óskað eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi fyrir tvo keppnisvelli dagana 8. til 14. ágúst nk.

Ráðuneytið fer þess á leit að heilbrigðisnefnd staðfesti í umsögn sinni að fullnægjandi starfsleyfisumsókn hafi borist og leggi mat á hvaða ríku ástæður liggi fyrir ef mælt verði með undanþágu.

Óskað er eftir að umsögnin berist eins fljótt og auðið er en eigi síðar en 27. júlí nk.

<

https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/skjaldarme_rki_undirskrift.jpg>

Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division
Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment
and Spatial Planning

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the
Environment, Energy and Climate

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisiraduneyti.is <

<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.umhverfisiraduneyti.is%2F&data=05%7C01%7CGudjon.Ingi.Eggertsson%40reykjavik.is%7C04df345666ac4b3b70ec08da69944b98%7C6a>

ed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637938383023794352%7C
Unknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJB
TiI6IklhaWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=cy%2Fj%2Fmgid
MgCVzLbXXDLEdJZttSEmQXgmyy4TpAy9ls%3D&reserved=0> -
Fyrirvari/Disclaimer <
<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C01%7CGudjon.Ingi.Eggertsson%40reykjavik.is%7C04df345666ac4b3b70ec08da69944b98%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637938383023794352%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6IklhaWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=tit0mkeRR2v4mEgTaixMoHFV7Lyc6XI2WnyFmuEU9Ks%3D&reserved=0>>

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

<
<https://stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9b961f47-cba0-11ec-8148-005056bcf582>>

Notandi: "Gudmundur Kr Gislason" <gummiisnes@gmail.com <
mailto:gummiisnes@gmail.com> >
Dagsetning: 19.7.2022 13:52:02
Til: "Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti" </o=Exchange
Government/ou=Exchange Administrative Group
(FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=aaldb9e6a678418a94b2fe92c3
6997b5-pumh>
Afrit til: "Guðjón Eggertsson"
<Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is <
mailto:Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is> >, "Ómar
Einarsson" <omar.einarsson@reykjavik.is <
mailto:omar.einarsson@reykjavik.is> >, "Frímann Ari
Ferdinandsson" <frimann@ibr.is <mailto:frimann@ibr.is> >,
"Skotípróttasamband Íslands" <sti@sti.is <mailto:sti@sti.is>
>, "Guðlaugur Þór Þórðarson (Alþingi)" </o=Exchange
Government/ou=Exchange Administrative Group
(FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=contact33cdfb6d>,
"Skotfélag Reykjavíkur" <sr@sr.is <mailto:sr@sr.is> >,
"Jórunn Harðardóttir" <jorunn@vedur.is <
mailto:jorunn@vedur.is> >
Efni: Beiðni um undanpágu vegna starfsleyfis Skotfélags
Reykjavíkur

Góðan daginn

Meðfylgjandi er beiðni um undanpágu til að halda
Íslandsmeistaramótið í haglabýssugreininni Skeet, meðan beðið
er endanlegs starfsleyfis félagsins.
Umsókn um endurnýjun liggur fyrir hjá Heilbrigðiseftirliti

Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst
Guðmundur Kr Gíslason
Framkv.stj.

Skotfélag Reykjavíkur
Reykjavik Shooting Club
Engjavegi 6
Ípróttamiðstöðin í Laugardal
104 Reykjavík - ICELAND
s: +354 893 1231 <tel:+354%20893%201231>
www.sr.is <
<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.sr.is%2F&data=05%7C01%7CGudjon.Ingi.Eggertsson%40reykjavik.is%7C04df345666ac4b3b70ec08da69944b98%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637938383023794352%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJWljoimc4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6IklhaWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=OPNNh7yP8%2Fj41mxBwx0un3wUJlQMkQNj82GXf%2Bbn6qw%3D&reserved=0>>
sr@sr.is <mailto:sr@sr.is>

(See attached file: SR Bref
UmhvrGudlIslmotAlfsensjuli2022.pdf) (See attached file:
PastedGraphic-1.pdf)



- SR Bref UmhvrGudlIslmotAlfsensjuli2022.pdf



Skotfélag Reykjavíkur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 – 104 Reykjavík

Skotsvæði Álfssnesi og Egilshöll

S: 893 1231 Email: sr@sr.is Heimasíða: www.sr.is

Umhverfis, orku og loftslagsráðherra
Hr. Guðlaugur Þór Þórðarson

Reykjavík, 19.júlí 2022

Skotfélag Reykjavíkur óskar hér með eftir því við ráðherra að hann veiti félaginu undanþágu til þess að halda Íslandsmeistaramót í haglabyssugreininni SKEET, sem Skotíþróttasamband Íslands fól félaginu að halda dagana 13.-14.ágúst 2022.

Undanþágan þarf að veita heimild til æfinga á þeim tveimur keppnisvöllum sem notaðir verða við mótið, frá og með a.m.k. 8.ágúst 2022. Æfingar þyrftu að vera opnar frá kl.12:00 til kl.20:00 mánudag til föstudags en mótisdagana, laugardaginn 13.ágúst og sunnudaginn 14.ágúst, þarf tímasetningin að vera kl. 10:00 til 19:00.

Lögð hefur verið inn umsókn um endurnýjun starfsleyfis til Heilbrigðisetirlits Reykjavíkurborgar en litlar sem engar líkur taldar á að takist að vinna það og gefa út innan þess tímaramma sem ofangreint kallar á.

Starfsleyfi það sem félagið starfaði eftir og gefið hafði verið út með gildistíma til 11.mars 2023 var felld úr gildi þar sem Reykjavíkurborg hafði ekki heimild til ráðstöfunar Álfssness undir skotsvæði samkvæmt útgefnu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Breyting á aðalskipulaginu var svo samþykkt í borgarstjórn í desember 2022 og þar með var henni heimilt að ráðstafa svæðinu undir starfsemi skotíþróttar.

Umhverfis, orku og loftslagsráðherra hefur einn heimild til að gefa tímabundna undanþágu frá starfsleyfi sbr. ákvæði í 6. gr. laga nr. 7/1998:

"Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Starfsleyfi skal veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar."

Þetta ákvæði laganna er útfært nánar í 5. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit:

"Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, sbr. 1. mgr., enda sé fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi. Við veitingu





Skotfélag Reykjavíkur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 – 104 Reykjavík

Skotsvæði Álfsnesi og Egilshöll

S: 893 1231 Email: sr@sr.is Heimasíða: www.sr.is

undanþágu skal kveða á um að rekstraraðili fylgi öðrum ákvæðum útgefins starfsleyfis eða starfsleyfistillögu og skýrslugjöf rekstraraðila til útgefanda starfsleyfis um framgang nauðsynlegra úrbóta sem tengjast forsendum undanþágu. Útgefandi starfsleyfis skal birta undanþágu ráðherra á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur fyrirtækja sem starfa á undanþágu."

Með ósk um skjót viðbrögð,

Fyrir hönd Skotfélags Reykjavíkur,

Guðmundur Kr Gíslason

Framkvstj.

 Skotfélag Reykjavíkur





Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Skotfélag Reykjavíkur
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Reykjavík 3. ágúst 2022
Tilv.: UMH22070059/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar f.h. Skotfélags Reykjavíkur, dags. 19. júlí sl., þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til þess að halda Íslandsmeistaramótið í haglabyssugreininni Skeet á tveimur keppnisvöllum dagana 8.— 14. ágúst nk. Óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem umsækjandi telji að starfsleyfi verði ekki gefið út áður en keppnin verður haldin. Undanþágan þurfi að veita heimild til æfinga á þeim tveimur keppnisvöllum sem notaðir verða við mótið frá og með a.m.k. 8. ágúst 2022. Æfingar þyrftu að vera opnar frá kl. 12:00 til kl. 20:00 mánudag til föstudags en mótisdagana, laugardaginn 13. ágúst og sunnudaginn 14. ágúst, þurfi tímasetningin að vera frá kl. 10:00 til 19:00. Lögð hafi verið inn umsókn um endurnýjun starfsleyfis til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur en litlar sem engar líkur séu taldar á að það takist að vinna það og gefa starfsleyfi út innan þess tímaramma sem þörf er á. Starfsleyfi það sem félagið hafi starfað eftir og gefið hafi verið út með gildistíma til 11. mars 2023 hafi verið felld úr gildi þar sem Reykjavíkurborg hafi ekki haft heimild til ráðstöfunar Álfsness undir skotsvæði samkvæmt útgefnu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Breyting á aðalskipulaginu hafi verið samþykkt í borgarstjórn í desember 2022 og þar með hafi Reykjavíkurborg verið heimilt að ráðstafa svæðinu undir starfsemi skotíþróttar.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé m.a. komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 28. júlí 2022, segir að samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hafi heilbrigðisnefnd borist umsókn um starfsleyfi þann 11. júlí sl. Þann 28. júlí sl. hafi tillaga að starfsleyfi ekki verið auglýst á heimasíðu eftirlitsins. Þar sem í beiðni umsækjenda komi ekki fram hvaða ástæður liggja að baki

umsókn um tímabundna undanþágu hafi heilbrigðisnefnd óskað eftir ítarlegri upplýsingum um hvaða ríku ástæður séu fyrir hendi til að halda umrædda keppni og halda hana á svæði Skotfélags Reykjavíkur. Í svari Skotfélags Reykjavíkur eru tilgreindar þær ríku ástæður sem félagið telur vera fyrir hendi. Þar komi m.a. fram að Skotíþróttasamband Íslands geri kröfu um að mótið verði haldið á skotvelli Skotfélags Reykjavíkur sem sé stærsti ólympíski völlur landsins og þjóðarleikvangur Íslands í skotfimi auk þess sem landsliðsfólk hafi ríka þörf fyrir að öðlast keppnisreynslu á sambærilegum völlum og keppt sé á Evrópumeistaramóti í greininni. Einnig komi fram að greinin sem keppa á í sé ein þeirra ólympíugreina sem stutt sé við af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og afreksstarf Skotíþróttasambands Íslands byggi að stórum hluta á. Jafnframt sé talið mikilvægt að fjármunir séu nýttir sem allra best og að íþróttafólk njóti bestu mögulegu aðstöðu hérlandis. Umhverfisstofnun bendi á að skilyrði fyrir undanþágu er að rík ástæða mælir með því að hún sé veitt. Stofnunin telji að ekki sé komin fram nægilega skýr nauðsyn fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi. Stofnunin telji því æskilegra að starfsleyfisútgáfan fylgi lögmætu ferli og starfsleyfi gefið út. Verði undanþága veitt leggi stofnunin til að hún verði bundin tilteknum skilyrðum.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 27. júlí sl., ásamt bréfi Skotfélags Reykjavíkur, dags. 26. júlí sl. og starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi. Fram kemur að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi móttengið umsókn Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi, dags. 11. júlí sl. og metið umsóknina fullnægjandi. Ákvörðun heilbrigðisnefndarinnar um útgáfu starfsleyfis vorið 2021 hafi verið felld úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í september 2021 og hafi nefndin í kjölfarið stöðvað starfsemi á skotvelli félagsins. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur meti umsókn Skotfélags Reykjavíkur fullnægjandi. Í erindi Skotfélags Reykjavíkur til ráðuneytisins komi fram að ástæða undanþágubeiðninnar sé að Skotíþróttasamband Íslands hafi falið Skotfélagi Reykjavíkur að halda íslandsmeistaramót í haglabyssugreininni SKEET, dagana 13. — 14. ágúst nk. Þar sem ekki hafi verið tilgreindar aðrar ástæður í erindinu hafi nefndin haft samband við Skotfélag Reykjavíkur og óskaði eftir ítarlegri upplýsingum um hvaða ríku ástæður séu fyrir hendi til að halda umrædda keppni og að halda hana á svæði Skotfélags Reykjavíkur. Í svari Skotfélags Reykjavíkur, dags. 26. júlí sl. séu settar fram þær ríku ástæður sem Skotfélag Reykjavíkur telji vera fyrir hendi til að veita undanþágu. Þar komi m.a. fram að Skotíþróttasamband Íslands geri ríka kröfu um að mótið verði haldið á skotvelli félagsins sem sé stærsti ólympíski völlur landsins og þjóðarleikvangur Íslands í skotfimi auk þess sem keppnisfólk/landsliðsfólk hafi ríka þörf fyrir að öðlast keppnisreynslu á sambærilegum völlum og keppt er á á Evrópumeistaramóti í greininni. Jafnframt komi fram að greinin sem keppa á í sé ein þeirra ólympíugreina sem stutt er við af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og afreksstarf Skotíþróttasambands Íslands byggi að stórum hluta á auk þess sem mikilvægt sé að nýta þá fjármuni sem veittir eru til afreksstarfs sem allra best og að íþróttafólk njóti bestu mögulegu aðstöðu. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur eigi á erfitt með að meta út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja hvort þær ástæður sem liggja að baki beiðni um undanþágu teljast ríkar í skilningi laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ljóst sé að fyrir þann hóp sem stundar þessa skotíþrótt og keppir í henni skiptir máli að undanþága verði veitt. Verði undanþága ekki veitt sé hins vegar vandséð að það varði almannaeill eða geti valdið heilsutjóni. Starfsemi á skotvöllum í Álfsnesi valdi ónæði í umhverfinu og því hafi Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur takmarkað opnunartíma vallanna í starfsleyfi. Við vinnslu starfsleyfisumsóknar Skotfélags Reykjavíkur þurfi að ákveða opnunartíma. Líklegt sé að opnunartími skotsvæða beggja skotfélaga á Álfsnesi verði sá sami líkt og í fyrri starfsleyfum. Nefndin telji því að verði undanþága fyrir umrætt mót veitt eigi að horfa til ákvæða um opnunartíma á skotvelli Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis - Skotreyn sem samþykkt hafi verið á afgreiðslufundi heilbrigðisnefndarinnar 26. júlí sl. Ljóst sé að í umsókn Skotfélags Reykjavíkur er farið fram á rýmri opnunartíma en starfsleyfi Skotreynar heimilar. Heilbrigðisnefnd geti ekki fallist á það vegna ónæðis sem skothvellir valda í nágrenninu. Verði undanþága veitt leggi nefndin til að tilteknir verði tímar sem æfingar verði leyfðar og að skotkeppnin nái ekki yfir fleiri en tvo daga samfellt.

Um er að ræða Íslandsmeistaramót í haglabyssugreininni Skeet á tveimur keppnisvöllum Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi. Ákvörðun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 11. mars 2021 um að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi var felld úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í september 2021 þar sem að starfsemi sú sem heimiluð var með starfsleyfinu, sem er rekstur skotæfingasvæða, samræmist ekki landnotkun umrædds svæðis eins og það var þá tilgreint í aðalskipulagi, svo sem áskilið er í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ekkert deiliskipulag var í gildi fyrir svæðið. Sjá nánar mál 51/2021 Starfsleyfi Álfsness, <https://uua.is/urleits/51-2021-starfsleyfi-alfsnes/>. Fullnægjandi umsókn um starfsleyfi fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi hefur borist Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær séu og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. laganna hefur ekki verið fullnægt. Ákvæði laga um kynningu á starfsleyfiskilyrðum eru m.a. til þess að þeir sem geta orðið fyrir áhrifum og/eða óþægindum af tiltekinni starfsemi hafi möguleika á að koma að athugasemdum. Ljóst er að umrædd starfsemi felur bæði í sér hávaða og mengun. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur tekið ákvörðun um að veita öðru félagi starfsleyfi og það starfsleyfi var gefið út 26. júlí sl. Um er að ræða starfsleyfi til handa Skotveiðifélagi Reykjavíkur og nágrennis – Skotreyn, fyrir skotvöll í Álfsnesi, þ.e. á sama stað og Skotfélag Reykjavíkur hefur sótt um starfsleyfi fyrir sína starfsemi og þessi beiðni Skotfélags Reykjavíkur sem hér er til umfjöllunar snýr að. Starfsleyfisskilyrði fyrir skotvöll Skotreynar í Álfsnesi fóru í lögbundna kynningu þannig að íbúar og aðrir haghafar á svæðinu höfðu tök á að kynna sér skilyrðin og koma sínum ábendingum og athugasemdum á framfæri á kynningartíma. Ráðuneytið gerir ráð fyrir að áhrif starfsemi þessara tveggja félaga sé áþekk og telur rétt að taka mið af starfsleyfisskilyrðum í nýútgefnu starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til Skotreynar fyrir skotvöll á Álfsnesi, m.a. er varðar opnunartíma á skotvöllum. Starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur var felld úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlinda þar sem starfsemin samræmist ekki landnotkun svæðisins eins og það var þá tilgreint í aðalskipulagi. Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 16. desember 2021 var gengið frá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, sem Skipulagsstofnun staðfesti 13. janúar 2022, sjá auglýsingu nr. 30/2022 um aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2040 sem birt er í Stjórnartíðindum 18. janúar 2022: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=181dd33a-78a4-46c4-922a-0dea5034bab3>. Í aðalskipulaginu segir undir lið 8.2.12; „Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til að endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.“

Í ljósi þessa, þess að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hefur borist til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið hér með Skotfélagi Reykjavíkur kt. 600269-2919 undanþágu frá starfsleyfi og heimild til að halda skotæfingar og skotkeppni. Tími skotæfinga og skotkeppni skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða og eru heimilar sem hér segir:

- Skotæfingar eru heimilar mánudaginn 8. ágúst og fimmtudaginn 11. ágúst frá kl. 10:00 til kl. 21:00, þriðjudaginn 9. ágúst og miðvikudaginn 10. ágúst frá kl. 10:00 til 19:00. Óheimilt er að vera með æfingu föstudaginn 12. ágúst 2022.
- Skotkeppni er heimil laugardaginn 13. ágúst og sunnudaginn 14. ágúst frá kl. 10:00 til 19:00.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til skotæfinga og skotkeppni á þeim tíma sem tiltekinn er hér að framan.

2. Rekstraraðili skal fara að skilyrðum sem koma fram í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
3. Viðburðurinn er háður eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.
4. Notkun blýhagla er óheimil.
5. Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)
6. Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.
7. Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
8. Rekstraraðila ber að halda skrá um hvenær æfingar fara fram á vellinum og fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra. Þessi skrá skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
9. Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
10. Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram allan tímann sem undanþágan er í gildi og strax í lok þess viðburðar sem undanþágan nær til. Þannig skulu tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annar úrgangur hreinsað af svæðinu.
11. Skotfélag Reykjavíkur skal þegar auglýsa á heimasíðu sinni fyrirhugaðar æfingar og keppni sem og að upplýsa Íbúasamtök Kjálarness um þessa viðburði.
12. Undanþága þessi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni í Álfsnesi.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Skotfélag Reykjavíkur ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber félaginu að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir viðburðarins. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir á tímabilinu 8. til og með 14. ágúst 2022. Nauðsynlegur frágangur vegna viðburðarins skal lokið 15. ágúst nk.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson



Skotfélag Reykjavíkur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 – 104 Reykjavík

Skotsvæði Álfnsnesi og Egilshöll

S: 893 1231 Email: sr@sr.is Heimasíða: www.sr.is

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar (HER)

b/t Rósu Magnúsdóttur

Reykjavík, 26.júlí 2022

Afrit sent:

Umhverfis, orku og loftslagsráðherra

Hr. Guðlaugur Þór Þórðarson

Skotfélag Reykjavíkur hefur óskað eftir því við ráðherra að hann veiti félaginu undanþágu til þess að halda Íslandsmeistaramót í haglabyssugreininni SKEET, sem Skotíþróttasamband Íslands fól félaginu að halda dagana 13.-14.ágúst 2022.

HER hefur óskað eftir því að fá nánari skýringar á hvaða „ríku ástæður“ gefa ástæðu til að veita þessa undanþáguheimild. Þær eru m.a. þessar:

- Íþróttahreyfingin heldur Íslandsmeistaramót sín á bestu fánlegu keppnisvöllum sínum og gerir Skotíþróttasamband Íslands ríka kröfu um að mótið núna verði haldið á skotvöllum félagsins á Álfnsesi, hvergi annars staðar.
- Þátttakendur hafa ríka þörf á að fá keppnisreynslu á stærsta Ólympíska vellinum á landinu, enda völlurinn á Álfnsesi Þjóðarleikvangur Íslands í skotfimi. Íslandsmeistaramótið á Álfnsesi uppfyllir þær þarfir sem krafist er.
- Landsliðsfólk okkar hefur ríka þörf fyrir að fá keppnisreynslu á sambærilegum völlum og keppt er á á Evrópumeistaramótinu á Kýpur í september og á Heimsmeistaramótinu í Króatíu í október, til að standa jafnfætis keppinautum sínum. Íslandsmeistaramótið á Álfnsesi stenst allar þær þarfir og kröfur sem gerðar eru.
- Keppnisgreinin sem sótt er um undanþágu fyrir, SKEET, er ein þeirra Ólympíugreina sem stutt er við af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og afreksstarf Skotíþróttasambands Íslands byggir að stórum hluta á. Ríkar ástæður liggja því fyrir því að Reykjavíkurborg sýni stuðning sinn við það öflugra starf svo fjármunir þeir sem veittir eru til afreksstarfs ÍSÍ nýtist sem allra best og íþróttafólk njóti bestu mögulegu aðstöðu sem völ er á hérlandis.

Fyrir hönd Skotfélags Reykjavíkur,

Guðmundur Kr Gíslason

Framkvstj.

 Skotfélag Reykjavíkur





Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. júlí 2022
Tilvísun: 2022070163/25.13

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) hefur borist erindi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins (UMH22070059) dags. 19. júlí þar sem óskað er umsagnar um umsókn Skotfélags Reykjavíkur (SR) um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi sbr. ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt fer ráðuneyti þess á leit að heilbrigðisnefnd staðfesti að fullnægjandi starfsleyfisumsókn hafi borist og leggi mat á hvaða ríku ástæður liggi fyrir ef mælt verði með undanþágu.

Heilbrigðiseftirlitið móttók 11. júlí s.l. umsókn SR um starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi, dags. 8. júlí, en ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis vorið 2021 var felld úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlinda mála í september 2021 og stöðvaði HER í kjölfarið starfsemi á skotvelli félagsins. HER metur umsókn SR fullnægjandi.

Í erindi SR til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis kemur fram að ástæða undanþágubeiðinnar sé að Skotíþróttasamband Íslands hafi falið SR að halda íslandsmeistaramót í haglabyssugreininni SKEET, dagana 13.- 14. ágúst n.k. Þar sem ekki voru tilgreindar aðrar ástæður í erindinu hafði HER samband við SR og óskaði eftir ítarlegri upplýsingum um hvaða ríku ástæður séu fyrir hendi til að halda umrædda keppni og að halda hana á svæði SR. Í meðfylgjandi svari SR, dags. 26. júlí s.l. eru tilgreindar í fjórum liðum þær ríku ástæður sem SR telur vera fyrir hendi til að veita undanþágu. Þar kemur m.a. fram að Skotíþróttasamband Íslands geri ríka kröfu um að mótið verði haldið á skotvelli SR sem sé stærsti Ólympíski völlur landsins og þjóðarleikvangur Íslands í skotfimi auk þess sem keppnisfólk/landslíðsfólk hafi ríka þörf fyrir að öðlast keppnisreynslu á sambærilegum völlum og keppt er á á Evrópumeistaramóti í greininni. Jafnframt kemur fram að greinin sem keppa á í sé ein þeirra Ólympíugreina sem stutt er við af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og afreksstarf Skotíþróttasambands Íslands byggi að stórum hluta á auk þess sem mikilvægt sé að nýta þá fjármuni sem veittir eru til afreksstarfs sem allra best og að íþróttafólk njóti bestu mögulegu aðstöðu.

HER á erfitt með að meta út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja hvort þær ástæður sem liggja að baki beiðni um undanþágu teljast ríkar í skilningi laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ljóst er að fyrir þann hóp sem stundar þessa skotíþrótt og keppir í henni skiptir máli að undanþága verði veitt. Verði undanþága ekki veitt er hins vegar vandséð að það varði almannaheill eða geti valdið heilsutjóni.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Starfsemi á skotvöllum í Álfsnesi veldur ónæði í umhverfinu og því hefur HER takmarkað opnunartíma vallanna í starfsleyfi. Við vinnslu starfsleyfumsóknar SR þarf að ákveða opnunartíma. Líklegt er að opnunartími skotsvæða beggja skotfélaga á Álfsnesi verið sá sami líkt og í fyrri starfsleyfum. HER telur því að verði undanþága fyrir umrætt mót veitt eigi að horfa til ákvæða um opnunartíma á skotvelli Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (Skotreyn) sem samþykkt var á afgreiðslufundi HER 26. júlí s.l. Í starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotreyn er kveðið á um eftirfarandi opnunartíma og sér ákvæði eru varðandi mótahald, gr. 4.1, 4.1.1 og 4.1.2 í starfsleyfisskilyrðum:

4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:

- 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og laugardaga frá kl. 10-16.
- 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.

Ljóst er að í umsókn SR er farið fram á rýmri opnunartíma en starfsleyfi Skotreyn heimilar. HER getur ekki fallist á það vegna ónæðis sem skothvællir valda í nágrenninu.

Verði undanþága veitt leggur HER til sbr. framangreint, að æfingar verði leyfðar mánudag 8. ágúst til fimmtudags 11. ágúst og verði lokið kl. 19 þriðjudag 9. ágúst og miðvikudag 10. ágúst en geti staðið til kl. 21. mánudag 8. ágúst og fimmtudag 11. ágúst. Skotkeppnin nái ekki yfir fleiri en tvo daga samfellt, verði annað hvort föstudag og laugardag 12.-13.ágúst eða laugardag og sunnudag, 13. - 14. ágúst.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri umhverfiseftirlits

Meðfylgjandi:

Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi,
Bréf Skotfélags Reykjavíkur, dags. 26. júlí 2022